

## Samstarfssamningur milli USVS og Mýrdalshrepps/Skaftárhrepps

Mýrdalshreppur kt. 461283-0399 og Skaftárhreppur, kt. 480690-2069, hér eftir nefnd sveitarfélög og Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu, hér eftir nefnt USVS, Austurvegi 15, Vík í Mýrdal, kt. 670269-0199, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

### 1.gr.

#### Um samninginn:

Samningi þessum er ætlað að efla starf USVS og aðildarfélaga þess með megináherslu á barna og unglingastarf auk þess að stuðla að auknu samstarfi USVS og sveitarfélaganna á sviði íþróttamála. Áhersla er lögð á mikilvægi þess öflugra starfs sem USVS og íþróttahreyfingin sinnir fyrir samfélagið í heild. Til þess að USVS geti rækt hlutverk sitt styrkja sveitarfélögin sambandið árlega með beinum og óbeinum fjárframlögum. Aðilar að samning þessum eru:

- a) Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur
- b) Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS)

Í samningi þessum er USVS samnefnari fyrir öll aðildarfélög sín og deilda þeirra að því marki sem lýtur að almennri íþrótt- og félagsstarfsemi þeirra

### 2. gr.

#### Tilgangur og hlutverk:

Tilgangurinn með samstarfi USVS og sveitarfélaganna er:

- a) að efla starf að íþróttamálum í sveitarfélaganna.
- b) að gera USVS kleift að veita aðildarfélögum sínum, iðkendum og íbúum sveitarfélaganna vandaða og markvissa þjónustu á sviði íþrótt- og félagsstarfs.
- c) að auka fagmennsku og þekkingu í starfi íþróttahreyfingarinnar jafnt á íþrótt-, félags- og rekstrarlegu sviði.
- d) að færa ákvörðunarvald um íþrótt- og félagstengd málefni nær félagsmönnum hreyfingarinnar.
- e) að efla hlutverk USVS sem sameiginlegs mátsvara alls íþróttastarfs í sveitarfélögunum.
- f) að fjölga iðkendum m.a. með aukinni samvinnu samningsaðila um málefni hreyfingarinnar.
- g) að stuðla að forvörnum m.a. með fræðslu til iðkenda og starfsmanna í

9  
JBE

hreyfingunni um skaðsemi vímuefna.

h) að búa USVS undir enn frekari verkefni á sviði íþróttá- og félagsstarfs.

#### **Hlutverk USVS samkvæmt samningi þessum er:**

- a) að veita þjónustu á dagvinnutíma sem sér m.a. um samskipti og þjónustu við aðildarfélögin.
- b) að aðstoða og styðja við aðildarfélögin í samskiptum við sveitarfélögin.
- c) að styðja og hvetja aðildarfélögin til faglegra vinnubragða á íþróttá-, rekstrar, og félagssviðinu.
- d) að hafa umsjón með kjöri og útnefningu íþróttamanns Vestur-Skaftafellssýslu
- e) að hafa umsjón með og sjá um úthlutanir úr afreksmannasjóði sveitarfélaganna og USVS
- f) að styðja aðildarfélög við framkvæmd heilsuviku í Vestur-Skaftafellssýslu. g) að hafa eftirlit með faglegu og fjárhagslegri starfsemi aðildarfélagana.
- h) að hafa ávallt tiltækar upplýsingar um framboð á íþróttastarfi í sveitarfélögunum og miðla þeim á einfaldan og skilvirkan hátt til íbúa sveitarfélaganna

#### **Hlutverk sveitarfélaganna samkvæmt samning þessum er:**

- a) að skapa sterka umgjörð um íþróttastarf í héraðinu m.a. með uppbyggingu íþróttamannvirkja sem þjónar bæði keppnis- og almenningsíþróttum.
- b) að styðja fjárhagslega starfsemi USVS og aðildarfélaga þess.
- c) að stuðla að því að íþróttastarf í sveitarfélögunum byggist á faglegum grunni þar sem höfuðáhersla er lögð á menntun og þekkingu starfsmanna og leiðbeinenda.
- d) að hvetja íþróttahreyfinguna til að leggja áherslu á forvarnir í starfi sínu.

### **3. gr.**

#### **Samskipti USVS og sveitarfélaganna**

Öll samskipti milli aðildarfélaga USVS og sveitarfélaganna er varða almenna íþróttá- og félagsstarfsemi skulu fara fram í gegnum þjónustumiðstöð USVS. Í því felst að öll erindi frá aðildarfélögum til sveitarfélaganna skulu berast þjónustumiðstöð USVS til nánari úrvinnslu. Jafnframt skulu sveitarfélögin senda öll erindi til íþróttahreyfingarinnar til þjónustumiðstöðvar USVS. Falli erindi undir ákvæði samnings þessa skal USVS taka ákvörðun um afgreiðslu svo fljótt sem verða má. Að öðrum kosti skal þjónustumiðstöð USVS, í samráði við viðkomandi aðildarfélag, áframsenda erindið til hlutaðeigandi sveitarfélags sem tekur ákvörðun um afgreiðslu þess. Öll erindi milli aðildarfélaganna, USVS og sveitarfélaganna skulu vera skrifleg. Framkvæmdastjóri USVS og fulltrúar sveitarfélaganna skulu funda að lágmarki einu sinni í mánuði og fara yfir stöðu verkefna,

4  
BPO JBE

samskipti aðila og efndir samnings þessa. Framkvæmdastjóri og formaður USVS skulu auk þess fundaársfjórðungslega með þeim nefndum og ráðum sveitarfélaganna sem fara með málefni íþrótt-, æskulýðs og/eða tómstundastarfs. Á þeim fundum skal fjalla um framangreind málefni sem og framtíðarverkefni íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skal einu sinni á ári á fundi framkvæmdastjóra og formanns USVS með sveitarfélögunum fara yfir fjárhæðir samningsins, forsendur þeirra og mögulegar breytingar vegna verðlagsþróunar eða breyttra verkefna.


#### 4. gr.

#### Þjónustumiðstöð

USVS skal reka þjónustumiðstöð sem hefur það að meginmarkmiði að efla og styðja starf aðildarfélaganna og að halda utan um samskipti þeirra við sveitarfélögin Forstöðumaður þjónustumiðstöðvarinnar skal vera í nánun og reglulegu samstarfi við íþrótt- og tómstunda/æskulýðsfulltrúa sveitarfélaganna og tryggja að allar upplýsingar sem varða íþróttastarf séu aðgengilegar íbúum sveitarfélaganna. USVS skal ráða framkvæmdarstjóra í fullt starf eða hluta starf til að veita þjónustumiðstöðinni forstöðu .

Verksvið þjónustumiðstöðvarinnar er:

- a) að halda utan um samskipti íþróttahreyfingarinnar og sveitarfélaganna.
- b) að fylgjast með að starf aðildarfélaganna byggist á faglegum forsendum.
- c) að fylgjast með og leiðbeina aðildarfélögunum um fjárhagslegan rekstur.
- d) að aðstoða félögin við að byggja starfsemi sína upp, faglega, fjárhagslega og starfslega
- e) að aðstoða félögin við stærri verkefni í samræmi við vinnureglur þar um.
- f) að fylgjast með og hafa á hverjum tíma upplýsingar tiltækar og aðgengilegar um starfsemi aðildarfélaganna þ.m.t. æfingatöflur, upplýsingar um stjórnir, starfsmenn o.fl.
- g) að leiða umræðu um málefni íþróttahreyfingarinnar og á hvaða hátt megi efla starfsemi hennar.
- h) að stuðla að umræðu um hlutverk sveitarfélaganna í stuðningi og uppbyggingu íþróttastarfs í sveitarfélögunum.
- i) að hafa forgöngu um að styrkja rekstur USVS m.a. með flutningi verkefna frá móðurfélögum USVS, sveitarfélögunum og ríkinu.
- j) að halda merki og mikilvægi íþróttahreyfingarinnar í sveitarfélögunum á lofti m.a. með umræðu og kynningu bæði útávið og innávið.



Þjónustumiðstöðin skal hafa fastan opnunartíma sem kemur fram á heimasíðu sambandsins. Stjórn USVS skal setja framkvæmdarstjóra vinnureglur þar sem fram kemur nánar hvaða verkefni þjónustumiðstöðinni er heimilt að vinna fyrir aðildarfélögin og í hvaða mæli. Einnig skal stjórn USVS semja starfslýsingu fyrir framkvæmdastjóra.

Sveitarfélögin greiða USVS árlegan þjónustustyrk til að reka þjónustumiðstöðina, sjá viðaukasamning 1.

## 5. gr.

### Faglegar kröfur til USVS

USVS skal starfa af fagmennsku að öllum þáttum starfsins og gera kröfur til aðildarfélaganna á sama hátt. Fyrir árslok 2026 skal USVS ljúka við undirbúning og innleiða skipulag samkvæmt gæðastaðli ÍSÍ um „Fyrirmyndarhérað ÍSÍ“. Á sama tíma skal USVS skila inn áætlun til sveitarfélaganna um hvernig unnið verði að því að styðja við þau aðildarfélög sem kost hafa á því að gerast „Fyrirmyndarfélög ÍSÍ“ að taka upp og innleiða staðalinn.

Í handbók um „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ“ er lýst þeim faglegu kröfum sem gerðar eru til félaga sem vinna með börnum og unglingum á þessu sviði. Þar eru kröfur um íþrótt-, félags- og fjárhagleg málefni auk þess sem gerðar eru kröfur um að félög móti sér jafnréttis-, umhverfis- og vímuevarnarstefnu auk eineltisáætlunar. Jafnframt skal USVS móta viðbragðsáætlun við óvæntum atriðum. Með því að öðlast samþykki ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag er þessum stefnum og áætlunum komið á.

Samningsaðilar eru sammála um að leggja áherslu á það við aðildarfélög USVS að flýta vinnu við upptöku staðalsins eins og kostur er þar sem það á við. Við úthlutun styrkja til aðildarfélaga USVS skal m.a. taka tillit til þess hvort viðkomandi félag hefur uppfyllt kröfur USVS að þessu leyti.

Handbókin um fyrirmyndarfélagið, stefnur og áætlanir skulu vera aðgengilegar á vef USVS. Einnig skal USVS kynna aðildarfélögum sínum minnst einu sinni á ári þær skyldur sem felast í upptöku á gæðastaðli ÍSÍ.

BJS JBE

## 6. gr.

### Verkefni USVS

Með undirskrift samnings þessa tekur USVS að sér ýmis verkefni umfram það sem áður hefur verið nefnt í samning þessum. Sveitarfélögin geta hvenær sem er óskað eftir að USVS taki að sér ný verkefni og skal þá gerður sérstakur skriflegur samningur um hvert verkefni. USVS getur unnið að þessum verkefnum sjálfst eða óskað eftir að aðildarfélögin vinni þau í umboði USVS. Framkvæmdastjóri eða stjórn USVS getur einnig haft frumkvæði að því að óska eftir tilteknum verkefnum frá sveitarfélögunum.

**Þau verkefni sem USVS tekur að sér að vinna með undirritun samnings þessa eru:**

#### 6.1. Skipting starfsstyrks

USVS skal sjá um að skipta starfsstyrk frá hverju og einu sveitarfélagi á milli aðildarfélaga sinna, sjá grein 7.1.2. Úthlutunarreglur um skiptingu styrksins sem USVS og sveitarfélögin koma sér saman um eru í fylgiskjali A með samningi þessum. Í reglunum skal m.a. tryggja að öll félög sem sækja um styrk og halda úti ákveðnu lágmarksstarfi skipti tilteknu lágmarkshlutfalli af heildarstyrkuppþæðinni á milli sín. Í reglunum skal til viðbótar taka tillit til umfangs starfs og kostnaðar við það, aldursamsetningar og fjölda iðkenda, hvort viðkomandi uppfylli gæðaviðmið samkvæmt grein 5 og hvort umsækjandi hafi skilað starfsskýrslum inn til USVS.

#### 6.2. Kjör íþróttamanns Vestur-Skaftafellssýslu

USVS skal á gildistíma samningsins þessa sjá um sameiginlegt kjör íþróttamanns Vestur-Skaftafellssýslu og USVS auk þess að veita þær viðurkenningar sem hefð er fyrir s.s. fyrir landsliðssæti, framfarir, efnilegasti. Sá íþróttamaður sem hlýtur útnefningu í kjöri þessu skal bera nafnbótina „Íþróttamaður Vestur-Skaftafellssýslu“. Kjörið nær til félagssvæðis USVS. Nánari reglur um kjörið eru í fylgiskjali B með samningi þessum. Sveitarfélögin greiða USVS árlega upphæð til að standa straum af kostnaði við kjörið og þeirri vinnu sem því fylgir, sjá viðaukasamning 1. með samningi þessum.

Sveitarfélögin munu ekki velja íþróttamann fyrir sveitarfélögin.

#### 6.3. Afreksmannasjóður

Samningaaðilar eru sammála um að vinna að á samningstímanum að stofna sameiginlegan sjóð, sem hafi það hlutverk að styðja afreksíþróttafólk til frekari dáða. Sjóðurinn verði í umsjón USVS sem ber ábyrgð á rekstri og styrkveitingum úr sjóðnum. Samningaaðilar skulu fyrir árslok 2026 ljúka við fjármögnun sjóðsins og að semja um hann úthlutunarreglur.



#### 6.4. Heilsuvika

USVS styður við og aðstoðar aðildarfélög við að halda heilsuviku í Vestur-Skaftafellssýslu. Markmiðið með heilsuviku er að hvetja íbúa sveitarfélaganna til að huga að heilsu sinni og að gefa aðilum sem stunda heilsueflingu færi á að kynna starfsemi sína. Markmiðinu skal m.a. ná með samstarfi fyrirtækja, félagasamtaka og einstaklinga sem starfa á þessu sviði. Heilsuvika skal haldin í fyrstu viku október ár hvert og skulu USVS og sveitarfélögin fyrir lok ágúst gera í sameiningu áætlun um áhersluatriði og sérverkefni heilsuviku hvers árs.

Sveitarfélögin greiða USVS árlega upphæð til að standa straum af kostnaði við heilsuvikuna og þeirri vinnu sem henni fylgir, sjá viðaukasamning 1. með samningi þessum.

#### 6.5. Uppbygging, forgangsröðun.

USVS skal í samstarfi við aðildarfélög sín móta og setja fram forgangsröð og áherslur íþróttahreyfingarinnar varðandi uppbyggingu og endurbætur, sem sveitarfélögin koma að, á íþróttamannvirkjum í sveitarfélögunum. Forgangsröðunin skal vera í tvennu lagi þ.e. langtímauppbygging og uppbygging eða endurbætur til skamms tíma.

Langtímauppbyggingin skal í það minnsta taka til næstu 10 ára en skammtíma uppbygging og endurbætur til næstu fjögurra ára. Í forgangsröðuninni skal koma fram í hvað röð íþróttahreyfingin leggur áherslu á að uppbygging og endurbætur íþróttamannvirkja eigi sér stað og á hvað skuli leggja áherslu í hvert sinn. USVS skal kynna sveitarstjórnnum forgangsröðun íþróttahreyfingarinnar fyrir 1. október ár hvert. Sveitarfélögin munu kappkosta að fara eftir áherslum USVS um uppbyggingu og endurbætur íþróttamannvirkja. Komi í veigamiklum atriðum önnur forgangsröð fram í áætlunum sveitarfélaganna skulu sveitarstjórnir skýra USVS frá þeirri ákvörðun og á hverju hún byggist. Óski aðildarfélag USVS eftir að ákveðin uppbygging fari fram, skal viðkomandi aðildarfélag senda umsókn í samráði við USVS til síns sveitarfélags. Með umsókninni skal fylgja umsögn USVS m.a. með tilliti til forgangsröðunar. Sveitarstjórn skal síðan, m.a. á grundvelli umsagnar USVS, afgreiða erindið og senda umsækjanda og USVS svar. Ef USVS eða aðildarfélag þess ræðst í framkvæmdir með stuðningi sveitarfélags skal í öllum tilfellum gera um framkvæmdirnar skriflegan samning áður en þær hefjast þar sem fram kemur m.a. kostnaðaráætlun, fjármögnun, kostnaðar- og eignaskipting og hvernig fara skuli með eignir ef til slita félags kemur. Þrátt fyrir aðkomu USVS að umsókn um framkvæmdir sambandsaðila er USVS á engan hátt ábyrgt fyrir framkvæmdum.

#### 6.6. Rekstrar og starfsskýrsla.

USVS skuldbindur sig til að birta og skila rekstrar- og starfsskýrslu til sveitarfélaganna fyrir 1. maí ár hvert. Skil á skýrslunni er forsenda fyrir áframhaldandi greiðslum sveitarfélaganna

 JBE

til USVS samkvæmt samningi þessum. Aðildarfélög USVS skulu fyrir mars lok skila USVS skýrslu um starf sitt fyrir liðið ár og skal heildarskýrsla USVS m.a. byggjast á þeim. Skili aðildarfélög eða deildir þeirra ekki skýrslum inn til USVS fyrir mars lok skal ekki úthluta viðkomandi félagi starfsstyrk.

Í rekstrarskýrslum skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um starfsemi USVS og aðildarfélaganna þeirra á liðnu ári. Í skýrslunni skal, þar sem það á við, aðgreina rekstur eldri iðkenda frá barna- og unglíngastarfi samkvæmt ákvæðum í handbók um fyrirmyndafélag ÍSÍ. Í skýrslunni skal m.a. koma fram:

- a) starfsemi þjónustumiðstöðvar USVS og helstu verkefni.
- b) starfsemi aðildarfélaganna USVS.
- c) heildarfjöldi iðkenda innan USVS og skipting þeirra milli aðildarfélaganna og deilda þeirra.
- d) skipting rekstrarframlaga frá USVS til aðildarfélaganna og deilda á liðnu ári.
- e) úthlutun úr afreksmannasjóði.
- f) lög og reglur sem starfsemi USVS byggist á.
- g) áhersla USVS fyrir árið og næsta starfsár.

#### 6.7. Kynningarmál

USVS skal kynna starfsemi sambandsins og aðildarfélaganna þess á eins skýran, áhrifaríkan og einfaldan hátt og hægt er. Einnig skal USVS á sama hátt kynna samstarfið við sveitarfélögin og í hverju stuðningur sveitarfélaganna við íþróttalíf í sýslunni felst. USVS skal sjá til þess að upplýsingar um þessa hluti séu tiltækar á einum stað, t.d. á sameiginlegri upplýsingasíðu á netinu, þar sem með einföldum og fljótlegum hætti má finna m.a:

- a) lög og reglur USVS og einstakra félaganna og deilda þeirra.
- b) upplýsingar um stjórnir, nefndir og starfsmenn USVS, félaganna og deilda, nöfn þeirra, netföng og símanúmer.
- c) upplýsingar um starfsemi félaganna og deilda, æfingatöflur, fyrirhugaðar keppnisferðir o.fl.
- d) lög og reglur aðildarfélaganna.
- e) samþykktar stefnur USVS (forvarnar-, umhverfis- og jafnréttisstefna-, eineltis-, og viðbragðsáætlun).
- f) reglur um úthlutun styrkja.
- g) alla samninga sem starfsemi USVS byggist á.
- h) fjárhagslegar upplýsingar um rekstur USVS og aðildarfélaganna þess.



Handwritten signature and initials, including the letters 'JBE'.

## 6.8. Önnur verkefni

Samningsaðilar eru sammála um að leita allra leiða til að fjölga verkefnum þjónustumiðstöðvar USVS og skjóta þannig styrkari stoðum undir rekstur miðstöðvarinnar. Í þessu skini mun USVS og sveitarfélögin ræða sérstaklega minnst einu sinni á ári þessa grein samningsins og í hverju fjölgun verkefna getur falist. Á sama hátt mun USVS einnig leita eftir nýjum verkefnum frá UMFÍ og ÍSÍ.

## 7. gr.

### Fjárframlög sveitarfélaganna til USVS

Fjárframlög sveitarfélaganna til íþróttamála í sveitarfélaginu skulu renna beint til USVS sem ýmist nýtir þá til að standa straum af rekstri þjónustumiðstöðvar, útdeilir þeim til aðildarféлага sinna eða nýtir fjármunina í verkefni í samræmi við ákvæði í samningi þessum og viðaukasamningum með honum. Sveitarfélögin styrkja USVS með margvíslegum hætti. Um er að ræða beina fjárstyrki og einnig óbeina styrkir sem felast í öðrum gæðum m.a. afnotum af húsnæði og aðstöðu.

#### 7.1. Fjárhagslegir styrkir

Beinir fjárhagslegir styrkir sveitarfélaganna til USVS eru tvennskonar þ.e. þjónustustyrkur og starfsstyrkur.

##### 7.1.1. Þjónustustyrkur.

Sveitarfélögin greiða USVS árlegan styrk til að standa straum af rekstri þjónustumiðstöðvar, sjá grein 4 í samningi þessum og viðaukasamning 1. með samningi þessum.

##### 7.1.2. Starfsstyrkur

Sveitarfélögin greiða USVS árlegan starfsstyrk sem rennur í heild til aðildarféлага USVS og deilda þeirra, sjá grein 6.1., viðaukasamning 1. og fylgiskjal A með samningi þessum.

#### 7.2. Óbeinir styrkir

Sveitarfélögin styrkja USVS á ýmsan óbeinan hátt m.a. með aðgangi USVS að mannvirkjum í eigu sveitarfélaganna sem USVS ráðstafar í samræmi við samning þennan. Sveitarfélögin úthluta USVS mannvirkjunum án endurgjalds en reikna verðmæti afnotanna og upplýsir USVS um það. USVS skal kynna þennan þátt í stuðningi sveitarfélaganna við íþróttahreyfinguna á heimasíðu sinni og hvar sem því verður við komið. USVS kappkostar að ganga vel um mannvirki sem hreyfingin hefur til afnota og að fylgja reglum sveitarfélaganna og viðkomandi mannvirkja þar um.



### 7.2.1. Afnot af skrifstofuhúsnæði

Sveitarfélögin og USVS munu fyrir árslok 2026 ljúka við í sameiningu að skoða framtíðar staðsetningu á þjónustumiðstöð USVS. Miðað er við að sveitarfélögin leggi USVS til skrifstofuhúsnæði og geymslupláss, án endurgjalds og greiði af því allan rekstur.

### 7.2.2. Önnur mannvirki

Sveitarfélögin leggja USVS og aðildarfélögum þess til ýmsa aðra aðstöðu, ýmist tímabundið eða til ótímabundinna nota. Afnot þessi skulu ávallt byggð á skriflegum samningum þar sem fram kemur m.a. til hvers mannvirki eru notuð og kostnaður afnotahafa af rekstri ef einhver er. Reiknað verðmæti afnotanna er tiltekið í viðaukasamningi 1. með samningi þessum.

## 8. gr.

### Gildistími

Samningur þessi tekur gildi 1. maí 2026 og gildir þar til honum er sagt upp. Hægt er að segja samningnum upp hvenær sem er með 12 mánuða fyrirvara en þó ekki fyrr en 1. janúar 2029.

Samningaaðilar geta hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir að einstök atriði samningsins verðir endurskoðuð eða samningurinn í heild. Náist samkomulag um þá endurskoðun skal skrifa undir nýjan samning með áorðnum breytingum.


Viðaukasamningar með samningi þessum hafa sama gildistíma og samningur þessi nema annað sé sérstaklega tekið fram í þeim.

Komi til ágreinings um skyldur og réttindi aðila samkvæmt samningi þessum skal reka það mál fyrir Héraðsdómi Suðurlands. Aðilar skuldbinda sig til að hlýta niðurstöðu dómsins.


Öllu framansögðu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín undir samning þennan í votta viðurvist. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og skal hvor aðili halda sínu frumeintaki.

Kirkjubæjarklaustri 10. apríl 2026


Fyrir hönd USVS,

  
Jóhann Bragi Elínarson,  
formaður USVS.

Fyrir hönd Mýrdalshrepps,

  
Björn Þór Ólafsson,  
oddviti Mýrdalshrepps.

Fyrir hönd Skaftaþrepps,

  
Einar Kristján Jónsson,  
sveitarstjóri Skaftaþrepps.



## Viðauki 1 við samstarfssamning

Undirritaðir aðilar, Mýrdalshreppur kt. 461283-0399 og Skaftárhreppur, kt. 480690-2069, hér eftir nefnd sveitarfélög og Ungmennasamband Vestur Skaftafellssýslu, hér eftir nefnt USVS, Austurvegi 15, Vík í Mýrdal, kt. 670269-0199, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

### 1. gr.

#### Greiðslur til USVS:

Í samræmi við grein 7.1. í samstarfssamningi greiða sveitarfélögin USVS styrki vegna eftirtalinna verkefna. Upphæðir styrkja eru sem hér segir:

a) Samkvæmt grein 7.1.1.	þjónustustyrkur	7.100.000 kr.
b) Samkvæmt grein 7.1.2.	starfsstyrkur	1.800.000 kr.
c) Samkvæmt grein 6.2.	kjör þróttamanns	350.000 kr.
d) Samkvæmt grein 6.3.	afreksmannasjóður,	400.000 kr.
e) Samkvæmt grein 6.4.	heilsuvika	350.000 kr.
	Samtals	10.000.000 kr.

### 2. gr.

#### Óbeinar greiðslur til USVS

Í samræmi við grein 7.2. í samstarfssamningi leggja sveitarfélögin USVS til aðstöðu til afnota fyrir hreyfinguna án gjaldtöku. Reiknað verðmæti afnotastyrkja er sem hér segir:

a) Samkvæmt grein 7.2.1.	afnot af skrifstofuhúsnæði	2.200.000 kr.
b) Samkvæmt grein 7.2.2.	önnur mannvirki	3.700.000 kr.
	Samtals	5.900.000 kr.

### 3. gr.

#### Önnur atriði

Samningaaðilar geta hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á upphæðum einstakra greiðslna og skulu þá umræður um það teknar upp svo fljótt sem verða má. Verði aðilar sammála um að breyta einstökun upphæðum samkvæmt grein 1. skal endurnýja þennan viðaukasamning með breyttum upphæðum. Komist aðilar ekki að samkomulagi gilda uppsagnarákvæði greinar 8. í samstarfssamning.

Greiðslur samkvæmt grein 1. skulu tengdar vísitölu neysliverðs af hálfu og launavísitölu af hálfu. Grunnvísitalan er neysliverðsvísitalan 1. janúar 2026, sem er 668,3 stig og launavísitalan 1. janúar 2026, sem er 1.137,3 stig. Greiðslur skulu fyrst hækka þann þann 1. janúar ár hvert. Heildarupphæð beinna styrkja samkvæmt grein 1. skal greiðast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum þann 1. hvers mánaðar.

Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur skipta greiðslum sín á milli skv. fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi fyrir sig þann 1. janúar ár hvert.

Öllu framansögðu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín undir viðaukasamning þennan í votta viðurvist. Viðaukasamningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og skal hvor aðili halda sínu frumeintaki.



JBE

## Úthlutun starfsstyrkja frá sveitarfélögunum Úthlutunarreglur

Í samræmi við grein 6.1. í samstarfssamningi USVS og sveitarfélaganna tekur USVS að úthluta starfsstyrkjum til aðildarfélaga sinna samkvæmt reglum þessum.

### 1. grein

Fyrir 15. mars ár hvert skal USVS birta á vef sínum auglýsingu um umsóknir um starfsstyrki. Einnig skal USVS senda á öll aðildarfélög sín og deildir auglýsingu um sama mál. Umsóknir skulu hafa borist USVS fyrir lok apríl.

### 2. grein

Um starfsstyrki geta sótt félög og deildir þeirra sem sinna íþrótt- og/eða félagsstarfi innan USVS eða hafa með höndum aðra sambærilega starfsemi. Megináherslan er á að styrkja starf með börnum og unglingum yngri en 16 ára og að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi. Starfsemin þarf að fara fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og unglunga.

Skilyrði er að félag hafi starfað í a.m.k. 2 ár og staðið skil á lögformlegum skyldum sínum t.d. haldið aðalfund, lagt fram ársskýrslu, ársreikninga o.s.frv.

*Umsókn skal fylgja:*

- samþykktir reikningar umsækjanda fyrir síðastliðið ár þar sem fram kemur skipting tekna og gjalda iðkenda yngri og eldri en 16 ára, þ.á.m. heildarlaunagreiðslur til þjálfara í barna og unglingastarfi.
- yfirlit yfir fjölda virkra iðkenda og aldurskiptingu þeirra. Virkur iðkandi er sá sem stundar félagsstarf hjá viðkomandi félagi og hefur greitt æfinga- eða þátttökugjald.
- yfirlit yfir fjölda skipulagðra æfinga og lengd þeirra
- yfirlit yfir menntun og reynslu leiðbeinenda, ásamt markmiðum með starfi þeirra
- fjárhagsáætlun fyrir liðandi ár
- áætlanir um umfang starfsins og helstu verkefni

### 3. grein

Heildar starfsstyrkur frá sveitarfélögunum skiptist samkvæmt eftirfarandi hlutföllum og reglum.

- 5% - heildarupphæðar skiptist jafnt á milli þeirra sem úthlutað er til
- 30% - Samkvæmt fjölda barna 16 ára og yngri sem greiða þátttökugjald í hverju félagi
- 5% - samkvæmt fjölda iðkenda eldri en 16 ára sem greiða þátttökugjald í hverju félagi.
- 30% - samkvæmt heildar fjölda og lengd æfingatíma á ári
- 25% - skiptist samkvæmt launagreiðslum til þjálfara og leiðbeinenda barna og unglunga 16 ára og yngri samkvæmt samþykktu ársuppgjóri
- 5% - skiptist milli félaga sem starfa samkvæmt gæðastaðlinum „Fyrirmyndarfélag ÍsÍ“. Tekur gildi við úthlutun 2026.

Hlutföll og reglur um skiptingu starfsstyrkja skal endurskoða árlega.

### 4. grein

Styrkir eru greiddir út 1. september ár hver.



JBS

## Reglugerð um íþróttamann ársins hjá USVS

### 1. gr.

Árlega skulu aðildarfélag USVS, hvert um sig tilnefna að hámarki 3 íþróttamenn til kjörs á íþróttamanni ársins. Stjórn USVS getur einnig tilnefnt allt að 6 íþróttamenn til viðbótar og skal auglýst eftir ábendingum sem skulu berast stjórn fyrir 1.nóvember ár hvert. Greinargerð skal fylgja hverri tilnefningu. Þar skal koma fram nafn einstaklingsins og allur árangur skráður nákvæmt.

Tilnefningum skal lokið fyrir 15. nóvember ár hvert og skulu þær kynntar aðildarfélagunum minnst viku fyrir kjör og skal vera lokið fyrir 15. desember ár hvert. Miðast skal við að afhending viðurkenninga fari fram við hátíðlega athöfn milli jóla og nýárs ár hvert, að öðrum kosti í síðasta lagi á ársþingi USVS.

### 2. gr.

Rétt til tilnefningar eiga þeir sem verða 16 ára á árinu og eldri sem eiga lögheimili í Vestur-Skaftafellssýslu eða stunda æfingar og keppi undir merkjum USVS eða aðildarféлага þess.

### 3. gr.

Til íþróttateljast allar greinar íþróttateljast samkvæmt lögum ÍSÍ að meðtöldum starfsíþróttum þeim sem keppt er í á Landsmóti UMFÍ

### 4. gr.

Íþróttamaður ársins fær í verðlaun farandgrip sem hann varðveitir í eitt ár. Farandgripurinn vinnst aldrei til eignar. Einnig fær hann áritaðan grip til eignar, til minja um heiðurinn. Að auki fær íþróttamaður USVS peningastyrk.

### 5. gr.

Val á íþróttamanni USVS er í höndum nefndar sem þannig er skipuð:

- Aðalstjórn USVS
- Aðildarfélag USVS, 1 atkvæði hvert. Hver stjórn kjósi 3 einstaklinga í 1-2-3 sæti
- Nefndir eða ráð sveitarfélanna sem sjá um íþróttateljast-, æskulýðs og/eða tómstundastarf (1 frá hverju sveitarfélagi)

Ef einstaklingur á sæti bæði í aðalstjórn USVS og nefndir eða ráð sveitarfélaganna er heimilt að varamaður einstaklings í ráði eða nefnd greiði atkvæði.

### 6. gr.

Hver þátttakandi kys þrjú einstaklinga í 1. 2. og 3. sæti.

Útreikningur: 1. sæti gefur 4 stig, 2. sæti gefur 2 stig og 3. sæti gefur 1 stig. Ef einstaklingarnir verða jafnir þá ræður fjöldi atkvæða í sæti úrslitum.

Við val á íþróttamanni ársins skulu þeir sem hafa rétt til að greiða atkvæði taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á um við. Einnig skal tillit tekið til reglusemi og ástundunar, þrúðmennsku og framfara.

Eftir að aðildarfélag hafa sent inn greinargerðir með tilnefningum sínum, skal stjórn USVS boða kynningarfund með valnefnd, áður en hún kys. Þar koma fulltrúar þeirra aðildarféлага sem tilnefna, og kynna nánar afrek þeirra sem eru tilnefndir í kjörinu. Stjórn USVS skal boða fulltrúa aðildarféлага á fundinn.

### 7. gr.

Stjórn USVS hefur heimild til að veita önnur verðlaun skv. gr. 6.2 í samstarfssamningi.

